Fylgiskjal.

BÓKUN

við samning um viðskipti og greiðslur milli ríkisstjórna Íslands og Sovétríkjanna, frá 1. ágúst 1953.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Sovétríkjanna, er óska að stuðla að frekari eflingu viðskipta milli landanna, hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. Allar greiðslur milli Íslands og Sovétríkjanna skulu, frá og með 1. janúar 1976, fara fram í frjálsum skiptanlegum gjaldeyri, á grundvelli þeirra gjaldeyrisreglna, sem í gildi eru í hvoru landanna.

2. Uppgjör á greiðslum inn á reikninga, sem vísað er til í 5. gr. viðskipta- og greiðslusamningsins frá 1. ágúst 1953, skal fara fram í samræmi við ákvæði 12. greinar ofannefnds samnings. Í þessum tilgangi skulu Seðlabanki Íslands og Utanríkisviðskiptabanki Sovétríkjanna halda áfram að veita viðtöku fjárhæðum inn á reikningana, sem vísað er til í 5. grein og inna af höndum greiðslur úr þeim á grundvelli samninga, sem gerðir eru fyrir 1. janúar 1976. Myndist skuld annars aðilans á reikningunum, skuldbindur hann sig til að jafna hana með umsömdum viðbótar vöruafgreiðslum innan sex mánaða talið frá þeim tíma, er heildar skuldarfjárhæð hefur verið sannreynd.

Ef umrædd skuldarfjárhæð hefur ekki verið jöfnuð með vöruafgreiðslum innan tilgreindra sex mánaða, þá skal skuldarinn greiða hana í frjálsum skiptanlegum gjaldeyri, sem samkomulag er um milli Seðlabanka Íslands og Utanríkisviðskiptabanka Sovétríkjanna.

Er uppgjöri er lokið á öllum greiðslum á ofangreindum reikningum, þá skulu 5. og 12. gr. samnings með áorðnum breytingum falla úr gildi.

3. Bókun þessi tekur gildi á þeim degi, er hún er undirrituð.

Bókun þessi telst óaðskiljanlegur hluti viðskipta- og greiðslusamnings ríkisstjórna Íslands og Sovétríkjanna frá 1. ágúst 1953 og gildir jafnhliða samningnum.

Gjört í Reykjavík hinn 31. október 1975 í tveimur eintökum, hvort tveggja eintakið á íslensku og rússnesku, og skulu báðir textar jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands	Fyrir hönd ríkisstjórnar Sovétríkjanna
Einar Ágústsson	V. I. Simakov.

Nr. 26. 4. desember 1976.

AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Sovétríkjanna.

Hinn 31. október 1975 var undirrituð í Reykjavík bókun um gagnkvæmar vöruafgreiðslur frá Íslandi og Sovétríkjunum á árunum 1976—1980.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. desember 1975.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN
um gagnkvæmar vöruafgreiðslur frá Íslandi og Sovétríkjunum á árunum 1976—1980

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Sovétríkjanna, er óska að stuðla að áframhaldandi eflingu viðskipta til langs tíma, hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. Viðskipti milli Íslands og Sovétríkjanna á tímabilinu frá 1. janúar 1976 til 31. desember 1980 skulu fara fram á grundvelli lista 1 og 2, sem fylgja bókun þessari, er ákveða kvóta fyrir árlegar gagnkvæmar vöruafgreiðslur.

Báðir aðilar skulu leitast við að auka viðskiptin og stefna að jöfnuði í þeim eins og frekast er unnt.

2. Gagnkvæmar vöruafgreiðslur samkvæmt bókun þessari skulu fara fram samkvæmt ákvæðum viðskipta- og greiðslusamnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Sovétríkjanna frá 1. ágúst 1953 með þeim breytingum, sem gerðar voru á honum með bókun við samninginn, dagsettri í dag, svo og í samræmi við ákvæði þau, sem fram koma í erindum, sem aðilar skiptust á hinn 25. maí 1927.

Í þessu sambandi skal téður samningur með breytingum þeim, sem á honum voru gerðar, og téð erindi gilda til 31. desember 1980, og má þá enn framlengja gildistíma þeirra samkvæmt ákvæðum samningsins og erindanna þar að lútandi.

3. Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Sovétríkjanna skulu, hvenær sem nauðsynlegt þykir, tilnefna fulltrúa, sem skulu koma saman til skiptis í Moskvu og Reykjavík til að athuga framkvæmd þessarar bókunar um gagnkvæmar vöruafgreiðslur og til að semja og samþykkja viðeigandi aðgerðir og tillögur á sviði viðskipta milli Íslands og Sovétríkjanna.

4. Bókun þessi tekur gildi 1. janúar 1976.

Gjört í Reykjavík hinn 31. dag októbermánaðar 1975, í tveimur eintökum, hvort tveggja eintakið á íslensku og rússnesku, og skulu báðir textar jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands	Fyrir hönd ríkisstjórnar Sovétríkjanna
Einar Ágústsson	V. I. Simakov.

LISTI I
yfir vörur, sem afgreiða á frá Sovétríkjunum til Íslands árlega á tímabilinu 1976—1980.

Vöruheiti	Magn eða verðmæti
Vélar og tæki	US$ 1500—2000 þúsund
Bensín	allt að 90 þúsund tonnum
Gasolía	allt að 270 þúsund tonnum
Fuelolía	allt að 110 þúsund tonnum
Stálpípur	1700—2000 tonn
Valsaðar vörur úr öðrum málmum en járni	10—20 tonn
Efnavörur	US$ 130 þúsund
Timbur	20000 m^3
Rúðugler	20000 m^2
Úr og klukkur	2000 stk.
Ýmsar vörur (áburður, krossviður og spónaplötur, pappírsvörur og pappi, létt vín og sterkir drykkir og annað)	US$ 500 þúsund
Vörur afgreiddar í vöruskiptum	Samkvæmt samkomulagi hlutaðeigandi aðila

LISTI II

yfir vörur, sem afgreiða á frá Íslandi til Sovétríkjanna árlega á tímabilinu 1976—1980.

Vöruheiti	Magn eða verðmæti
Fryst fiskflök	12000—17000 tonn
Heilfrystur fiskur (þar með talin síld)	4000—7000 tonn
Fiskimjöl	10000—20000 tonn
Saltsíld	2000—4000 tonn með mögulegri aukningu
Prjónaðar ullarvörur	US$ 1300—2000 þúsund
Ullarteppi	US$ 800—1100 þúsund
Málning og lökk	1000—1500 tonn
Niðursoðið og niðurlagt fiskmeti	US$ 1300—2000 þúsund
Ýmsar vörur (skinn og skinnavörur, skófatnaður, pappírsöskjur og kassar, vélar og tæki fyrir fiskiðnað, fiskilínur og kaðlar, kísilgúr, ostur og annað)	US$ 500 þúsund
Vörur afgreiddar í vöruskiptum	Samkvæmt samkomulagi hlutaðeigandi aðila

Nr. 27. 4. desember 1975.

AUGLÝSING

um viðskiptasamning milli Íslands og Kúbu.

Hinn 24. nóvember 1975 var undirritaður í Reykjavík viðskiptasamningur milli Íslands og Kúbu.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. desember 1975.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

TRADE AGREEMENT

between the Republic of Iceland and the Republic of Cuba

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the Republic of Cuba desirous of strengthening their friendship and collaboration and of creating the adequate conditions for the development of commercial exchanges between both countries on the basis of mutual equality and advantage, have agreed as follows: